

# Lausafjártrygging

Vátryggingarskilmálar nr. EL10

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. EL10.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

- A. Almennir skilmálar**
  - 1. Váttryggðir hagsmunir
  - 2. Váttryggður og meðváttryggðir
  - 3. Váttryggingin gildir
  - 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
  - 5. Brot á varúðarreglum
  - 6. Áhrif tímaskráningar
  - 7. Samsömun
  - 8. Áhættubreyting
  - 9. Greiðsla iðgjalds
  - 10. Endurgreiðsla iðgjalds
  - 11. Eigendaskipti
  - 12. Váttryggingarfjárhæð
  - 13. Eigin áhætta
  - 14. Ákvörðun bóta
  - 15. Undirtrygging
  - 16. Tvítrygging
  - 17. Framsal
  - 18. Fyrning
- B. Brunatrygging**
  - 19. Bótasvið
  - 20. Varúðarreglur
- C. Vatnstjónstrygging (valkvætt)**
  - 21. Bótasvið
  - 22. Varúðarreglur
- D. Innbrotsþjófnaðar- og ránstrygging (valkvætt)**
  - 23. Bótasvið
  - 24. Varúðarreglur
- E. Óveðurstrygging (valkvætt)**
  - 25. Bótasvið
  - 26. Varúðarreglur

## A. Almennir skilmálar

### 1. Váttryggðir hagsmunir

---

**Váttryggingin tekur til lausafjár í eigu váttryggðs.**

- 1.1 Komi ekki annað fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun er með lausafé átt við vörur, þar á meðal hráefni, hálfunnar vörur og fullunnar, umbúðir, húsmuni, innréttingar, vélar og annan rekstrarbúnað, þar á meðal verkfæri, áhöld og ökutæki sem ekki eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum.
- 1.2 Váttryggingin tekur ekki til sérgreinds lausafjár nema sérstaklega sé um það samið og þess getið í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

**Með sérgreindu lausafé er átt við:**

- 1.2.1 Tölvuforrit, bókhaldsgögn, tækniteikningar, líkön o.þ.h. sem endurnýjuð eða endurunnin eru eftir váttryggingaratburð, reiðufé, peningagildi, verðbréf, hlutabréf, handrit og skjöl.

- 1.2.2 Skráningarskyld vélknúin ökutæki, báta, skip og loftför.
- 1.2.3 Vátryggingin tekur ekki til lausafjár sem fellur undir brunatryggingu húseigna.

## 2. Vátryggður og meðvátryggðir

---

- 2.1 Eigandi lausafjárins er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í lausafénu eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 3. Vátryggingin gildir

---

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

---

**Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:**

- 4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

## 5. Brot á varúðarreglum

---

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 6. Áhrif tímaskráningar

---

Vátryggingin nær ekki til ábyrgðar vegna taps eða tjóns sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og eða áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við, vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyriræli eða safn þeirra, hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyriræli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

Undanþága þessi nær ekki til tjóns sem verður vegna skilgreindra bótaskyldra tjónsorsaka sem tilgreindar eru í skilmálum vátryggingarinnar svo sem bruna, sprengingar, hraps, innbrots, þjófnaðar eða vatnsskaða.

## 7. Samsömun

---

- 7.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 7.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs eða umsjónarmanns einstakra muna, tækja og húseigna sem vátryggt lausafé er staðsett í.

## 8. Áhættubreyting

---

Allar breytingar á gerð og notkun húseignar sem hið váttryggða lausafé er í sem haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni skal tilkynna félaginu tafarlaust. Láti váttryggður það hjá líða getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður, sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 9. Greiðsla iðgjalds

---

- 9.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 10. Endurgreiðsla iðgjalds

---

- 10.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 10.2 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 10.1.

## 11. Eigendaskipti

---

Ef eigendaskipti verða að hinu váttryggða lausafé fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

## 12. Váttryggingarfjárhæð

---

- 12.1 Váttryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.2 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna váttryggðu hagsmuna.
- 12.3 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

## 13. Eigin áhætta

---

- 13.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 13.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

## 14. Ákvörðun bóta

---

- 14.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 14.2 Vörur sem váttryggður hefur ekki framleitt sjálfur verðleggjast á innkaupsverði að viðbættum kostnaði miðað við venjulegan innkaupsmáta. Vörur í framleiðslu og fullunnar vörur verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum kostnaði. Innkaupsverð og kostnaður miðast við verðlag á tjónsdegi.
- 14.3 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 14.4 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 14.5 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 14.6 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

## 15. Undirtrygging

---

Sé heildarverðmæti hins váttryggða meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

## 16. Tvítrygging

---

- 16.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 16.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 16.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 17. Framsal

---

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

## 18. Fyrning

---

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

## B. Brunatrygging

### 19. Bótasvið

---

#### 19.1 Eldsvoði, elding, sprenging

**Váttryggingin bætir tjón af völdum:**

- 19.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 19.1.2 Eldingar.
- 19.1.3 Sprengingar.

**Váttrygging bætir ekki tjón:**

- 19.1.4 Sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- 19.1.5 Á raftækjum eða rafeindatækjum er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu, spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.

#### 19.2 Ketilskemmdir

**Váttryggingin bætir tjón:**

- 19.2.1 Á gufukatli eða háþrýstisúðkerfi vegna yfirþrýstings sem myndast við venjulega notkun tækisins.

**Váttryggingin bætir ekki tjón af völdum:**

- 19.2.2 Þurrsuðu.

#### 19.3 Sótfall

**Váttryggingin bætir tjón af völdum:**

- 19.3.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.

**Váttryggingin bætir ekki tjón af völdum:**

- 19.3.2 Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

#### 19.4 Loftför

Váttryggingin bætir tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.

#### 19.5 Slökkvi- og björgunaraðgerðir

**Váttryggingin bætir:**

- 19.5.1 Tjón og kostnað vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfunum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir váttrygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanlegar.
- 19.5.2 Kostnað vegna nauðsynlegs flutnings á hinu váttryggða lausafé í sambandi við bótaskyld tjón.
- 19.5.3 Lausafé sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir.

## 20. Varúðarreglur

---

- 20.1 Váttryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- 20.2 Váttryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

## C. Vatnstjónstrygging (Valkvætt)

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 21. Bótasvið

---

### 21.1 Vatn

#### Váttryggingin bætir tjón af völdum:

- 21.1.1 Vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins.
- 21.1.2 Vatns sem flæðir óvænt og skyndilega frá tækjum sem fast tengd eru leiðslum hússins.
- 21.1.3 Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er váttryggingaratburðurinn átti sér stað.

#### Váttryggingin bætir ekki:

- 21.1.4 Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- 21.1.5 Tjón af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- 21.1.6 Tjón af völdum langvarandi raka eða vatnsleka.
- 21.1.7 Tjón af völdum byggingarvinnu eða viðhalds, þar með talin vinna við vatnslagnir.
- 21.1.8 Tjón af völdum sjávarflóða, flóða frá stöðuvötnum, ám eða lækjum.

### 21.2 Olía og kælimiðlar

#### Váttryggingin bætir tjón af völdum:

- 21.2.1 Olíu eða kælivökva sem streymir skyndilega og óvænt úr olúgeymi, olíueldstæði, kælikáp eða kælikerfi.

#### Váttryggingin bætir ekki:

- 21.2.2 Tjón á vörum í frysti og kæligeymslum., þó bætist tjón á vörum sem þannig eru geymdar í smávöruverslunum ef kælivökvi rennur á þær skyndilega og óvænt.
- 21.2.3 Tjón vegna langvarandi olíuleka eða smits.
- 21.2.4 Tjón sem verður við áfyllingu olíu- eða kælivökva.
- 21.2.5 Tap eða skemmdir á olíu- eða kælivökva.

## 22. Varúðarreglur

---

- 22.1 Váttryggður skal sjá til þess að vörubirgðir í kjöllum séu á vörugrind eða palli og að niðurfall sé í geymsluherberginu.
- 22.2 Váttryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti.
- 22.3 Váttryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim.
- 22.4 Váttryggður skal sjá til þess að lausafé sé ekki geymt í opnum húsum, skemmum eða skýlum til að koma í veg fyrir tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku.

## D. Innbrotsþjófnaðar- og ránstrygging (Valkvætt)

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 23. Bótasvið

---

#### Vátryggingin bætir tjón vegna:

- 23.1 Þjófnaðar og skemmda á hinu vátryggða lausafé við innbrot í húsnæði á vátryggingarstað.
- 23.2 Skemmda sem verða á húseign í eigu vátryggðs vegna innbrots þar sem hið vátryggða lausafé er með allt að 10% af vátryggingarfjárhæð lausafjár á viðkomandi vátryggingarstað ef bætur eru greiddar samkvæmt gr. 23.1.
- 23.3 Ráns þegar vátryggðu lausafé er rænt af vátryggðum eða starfsmönnum hans á vátryggingarstað eða í ferðum innanlands.
- 23.3.1 Hámarksbætur nema 10% af vátryggingarfjárhæð en geta þó aldrei orðið hærri en hámarksbætur sem koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 23.3.2 Það telst rán þegar hinir vátryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 23.4 Þjófnaðar úr sýningarskápum eða sýningarkössum innanhúss á vátryggingarstað.
- 23.4.1 Hámarksbætur koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

#### Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 23.5 Á rúðum og póstkössum, enda þótt það verði í sambandi við innbrot.
- 23.6 Á húseigninni sem stafar af eldsvoða enda þótt hann verði í sambandi við innbrot.

### 24. Varúðarreglur

---

- 24.1 Vátryggður skal sjá til þess að húseign þar sem vátryggt lausafé er staðsett sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur þegar enginn er í húseigninni.
- 24.2 Vátryggður skal sjá til þess að sýningarskápar og sýningarkassar séu ætíð læstir.
- 24.3 Vátryggður skal ætíð geyma lykla þannig að óviðkomandi geti ekki nálgast þá.

## E. Óveðurstrygging (Valkvætt)

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 25. Bótasvið

---

Vátryggingin bætir tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna teljast eingöngu tjón á lausafé innanhúss þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingaratburðurinn átti sér stað.

### 26. Varúðarregla

---

Vátryggður skal sjá til þess að lausafé sé ekki geymt í opnum húsum, skemmum eða skýlum til að koma í veg fyrir tjón af völdum óveðurs.